

REGLUGERÐ KSÍ

um búnað knattspyrnuliða

1. gr.

Búningur

- 1.1. Keppnisbúningur knattspyrnuliðs er treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við knattspyrnulögin eins og annar búnaður leikmanns.

2. gr.

Litir búnings

- 2.1. Félag sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.
- 2.2. Aðallitir keppnisbúnings skulu mest vera þrír en litir treyju þó mest tveir. Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings.
- 2.3. Litir til skreytingar (aukalitir) á keppnisbúningi skulu vera þannig að aðallitir séu vel greinanlegir.

3. gr.

Keppnistreyja

- 3.1. Á baki skal vera vel greinanlegt númer og skulu tölustafirnar vera a.m.k. 25 cm háir.
- 3.2. Í barmi er heimilt að hafa merki eða nafn félags allt að 80 cm² stórt.
- 3.3. Í barmi er heimilt af hafa auglýsingu allt að 70 cm² stóra.
- 3.4. Í barmi er heimilt að hafa merki framleiðanda.
- 3.5. Á treyju að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 700 cm² stóra.
- 3.6. Á baki fyrir ofan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm² stóra eða nafn leikmanns en í því tilfalli skulu stafir vera að hámarki 7,5 cm háir.
- 3.7. Á baki fyrir neðan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm² stóra.
- 3.8. Við hvora öxl að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm² stóra.
- 3.9. Á kraga að framan er heimilt að hafa tvær auglýsingar allt að 35 cm² stórar.
- 3.10. Á hvorri ermi er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm² stóra. Þá er stjórn KSÍ heimilt að leyfa að auki auglýsingu á hvorri ermi hjá öllum félögum í tiltekinni deild fyrir sérstakan samstarfsaðila deildarinnar.
- 3.11. Félögum er heimilt að setja gylltar stjörnur á keppnistreyjur fyrir ofan félagsmerki sitt og fer fjöldi stjarna eftir því hversu marga Íslandsmeistaratitla viðkomandi félag hefur unnið í meistaraflokki. Fyrstu gylltu stjórnuna er heimilt að setja þegar félag hefur unnið 5 meistaratitla og síðan bætist við stjarna í fimmta hvert skipti eftir það. Stjörnurnar skulu að hámarki vera 2 cm háar.

4. gr.

Keppnisstuttbuxur.

- 4.1. Á skálm að framan er heimilt að setja félagsmerki allt að 70 cm² stórt.
- 4.2. Á skálm að framan er heimilt að hafa merki framleiðanda.
- 4.3. Á skálm að framan er heimilt að setja vel greinanlegt númer og skulu tölustafirnar vera a.m.k. 10 cm háir.
- 4.4. Á skálm að framan er heimilt er að setja auglýsingu allt að 70 cm² stóra.
- 4.5. Aftan á stuttbuxur er heimilt að setja auglýsingu allt að 260 cm² stóra.

5. gr.

Keppnissokkar

- 5.1. Á hvorn sokk er heimilt að setja félagsmerki allt að 70 cm² stórt.
- 5.2. Á hvorn sokk er heimilt að setja auglýsingu allt að 70 cm² stóra.
- 5.3. Á hvorum sokk er heimilt að hafa merki framleiðanda.

6. gr.

Merkingar og auglýsingar á keppnisbúningi

- 6.1. Auglýsingar og merkingar skulu vera eins á öllum keppnisbúningum sama liðs fyrir utan tölustafi í númeri.
- 6.2. Merkingar og auglýsingar skulu vera þannig að aðallitir búningsins séu vel greinanlegir.
- 6.3. Auglýsing má aðeins varða vörutegund eða þjónustu sem ekki vinnur gegn hugsjónum íþróttamanna.
- 6.4. Stærð auglýsingar eða merkingar skal mæla sem flöt annað hvort sem ferhyrning (lengd x breidd) eða sem hring (radíus x radíus x pí).

7. gr.

Annað

- 7.1. Auglýsingar og merkingar á keppnisbúningi í mótum á vegum KSÍ skulu ekki vera aðrar en þær sem að ofan greinir. Félagi er heimilt að setja auglýsingar á annan fatnað og búnað án nokkurra stærðarmarka. Þá er heimilt að hafa merki framleiðanda á öðrum keppnisbúnaði s.s. skóm og hönskum.

8. gr.

Viðurlög

- 8.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ meintum brotum á reglugerð þessari. Málsmeðferð fer samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og getur nefndin beitt þeim viðurlögum sem þar er getið.

9. gr.

Gildistaka

- 9.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007 með síðari breytingum